

Skólareglur Tónskólans Do Re Mi

Forráðamönnum ber að ganga frá greiðslum inn á Sportabler, eða öðru því greiðsluferfi sem skólinn notar, áður en kennsla hefst á hverju skólaári. Gjaldskrá fyrir skólagjöld er á heimasíðuskólans doremi.is.

Ætli nemandinn að halda áfram námi næsta skólaár þá þarf að staðfesta umsókn með því að greiða staðfestingargjald fyrir 20. mars. Staðfestingargjaldið er óendurkræft.

Nemendur gangi snyrtilega um húsnæði og eigur skólans. Verði nemandi uppvís að skemmdum á eigum skólans ber forráðamönnum að bæta skaðann.

Ætlast er til að nemendur séu stundvísir, stundi heimanámið vel og valdi ekki truflun í kennslustundum. Sé nemandi veikur og mætir ekki í skóla, á hann heldur ekki að koma í tónskólann á meðan á veikindum stendur.

Sé nemandi ítrekað að valda truflun í hóptímanum í tónfræðikennslunni, þá fá foreldrar póst þess efnis að nemandinn sé að valda truflun og það þurfi að breytast. Ef ekki verða breytingar á hegðun viðkomandi nemanda eftir það, þá áskilur skólinn sér rétt til að víkja nemandanum úr tónfræði þann vetur.

Ætlast er til að allir hljóðfæranemendur skólans komi fram á tónleikum hans a.m.k. einu sinni á önn eða eftir fyrirmælum hljóðfærakennarans eða skólustjóra. Þeir nemendur sem þegar eru í skólanum og vilja ekki koma fram á tónleikum skólans fá aðeins 30 mín á viku á sitt hljóðfæri (hálf nám).

Hljóðfæranemendur skólans taka áfangapróf samkvæmt nágildandi námskrá tónlistarskólanna eða almenn vorpróf þegar það á við. Auk þess taka nemendur sambærileg próf í tónfræðigreinum.

Tónskólinn á nokkur hljóðfæri til útleigu. Forráðamenn þeirra nemenda sem taka hljóðfæri á leigu greiða hljóðfæraleigugjald og undirrita leigusamning þar um. Hægt er að nálgast verðskrá hljóðfæraleigu inn á heimasíðuskólans doremi.is. Hljóðfæraleigan fæst ekki endurgreidd þó að nemandi hætti námi áður en skólaárinu lýkur.

Jólafrí, páskafrí og aðrir frídagar fara eftir skóladagatali skólans. Frídagar í grunnskólum vegna starfsdaga, ferðalaga o.þ.h. eru ekki frídagar í tónlistarskólanum.

Forföll

Ef skólinn þarf að fella niður kennslu vegna veðurs þá er sú kennsla ekki bætt upp.

Forfallist nemandi ber forráðamönnum að tilkynn það á netfang skólans doremi@simnet.is eða í síma 551-4900. Kennsla vegna forfalla nemanda er ekki bætt upp. Mæti nemandi ekki í tvær vikur samfleytt án skýringa, er litið svo á að hann hafi hætt í skólanum. Í þeim tilfellum er ekki um endurgreiðslu skólagjalda að ræða og nemandinn gengur ekki fyrir á næsta skólaári.

Veikist kennari fellur kennsla niður á meðan á veikindum hans stendur. Dragist veikindi hans á langinn tvær vikur eða lengur, ber skólanum að útvega forfallakennara í hans stað.